


Langirimi 21-23 – fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Apartment and rooms ehf., dags. 12. janúar 2023, ásamt bréfi Jóns Guðmundssonar, dags. 6. janúar 2023, um breytingu á notkun rýma á 2. hæð hússins á lóð nr. 21-23 við Langarima úr vinnustofum í íbúðir.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Langarima 21-23 í borgarhluta 8 Grafarvogi og er staðsett á svæði, ætlað fyrir verslun- og þjónustu, VP23 Langirimi. Húsin eru skilgreind sem hverfiskjarni í aðalskipulagi.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 11. maí 1993 með síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 21-23 við Langarima er verslunar- og skrifstofuhúsnæði á tveim hæðum, byggt árið 1996 skv. fasteignaskrá. Lóðin er skilgreind sem viðskipta- og þjónustulóð og er staðsett á svæði, ætlað fyrir verslun og þjónustu, VP23 Langirimi. Óskað er eftir álit skipulagsfulltrúa á breytingu á notkun rýma á 2. hæð hússins úr vinnustofum í íbúðir.

Hverfiskjarnar eru, skv. gildandi aðalskipulagi, kjarni með stærri matvöruverslunum og fjölbreyttari verslun og þjónustu sem þjónar heilu hverfi. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir í hverfiskjörnum, svo og gististaðir í flokki I–III. Veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga. Umrætt rými er á efri hæð hverfiskjarna og er því tekið jákvætt í fyrirspurn.

Niðurstaða

- Jákvætt er tekið í íbúðir á efri hæð húss nr. 21-23 við Langarima, samræmist gildandi aðalskipulagi.
- Samþykki meðlóðarhafa þarf fyrir breytingu við afgreiðslu byggingaleyfis.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir verkefnastjóri